Sveitarfélagið ÁRBORG

Fjárhagsáætlun 2027

Greinargerð –
fyrri umræða 18. nóv 2026



Efnisyfirlit

1. Forsendur fjárhagsáætlunar
2. Fjölskyldusvið
3. Mannvirkja- og umhverfissvið
4. Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Ef ósamræmi er á milli greinargerðar fjárhagsáætlunar og fjárhagsáætlun, gildir fjárhagsáætlun

Kæru íbúar Árborgar

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar 2027-2030 sýnir áframhaldandi ábyrgð í rekstri og ávinning til íbúa. Áætlunin endurspeglar árangur síðustu ára en há verðbólga hefur því miður afgerandi áhrif á reksturinn og mikilvægt að sveitarfélagið sýni aðhald í rekstri áfram. Við sýnum ábyrgð, hækkum ekki gjaldskrár umfram 2,5% og höldum áfram að lækka álögur á íbúa og fyrirtæki.
Áætlun 2027 skilar 85,8 milljóna jákvæðri rekstrarniðurstöðu í A- og B-hluta og samhliða er lántaka í lágmarki. Fasteignagjöld lækka og áfram er fjárfest í framkvæmdum mikilvægra innviða samfélagsins.



Sveitarfélagið Árborg er öflugt samfélag sem hefur tekist á við krefjandi verkefni undanfarin ár. Það eru spennandi uppbyggingarverkefni framundan sem munu skapa aukin verðmæti fyrir samfélagið og við göngum bjartsýn inn í næstu ár.

Ég vil þakka bæjarfulltrúum, starfsmönnum og íbúum fyrir óeigingjarnt framlag undanfarin ár. Það er að skila sér í stöðugri rekstri og auknum ávinningi til íbúa og fyrirtækja í Árborg okkar allra.

Bragi Bjarnason, bæjarstjóri

Ábyrgur rekstur skilar auknum ávinningi til íbúa - Gjaldskrár ekki umfram 2,5%

Skattar lækka: Áfram verður lögð áhersla á góðan rekstur sem skilar sér m.a. í lægri fasteignagjöldum á íbúa og fyrirtæki.

Ábyrgur rekstur: Rekstur Sveitarfélagsins Árborgar er að ná jafnvægi og skuldahlutföll að lækka næstu árin. Árborg tekur þátt í baráttunni við verðbólguna og hækkar ekki gjaldskrár umfram 2,5% markmið Seðlabanka Íslands.

Börn og fjölskyldur í fyrirrúmi: Auknu fjármagni er varið til mennta-, frístunda- og velferðarmála.

Gott að eldast í Árborg: Bætum aðstöðu fyrir eldri borgara og tryggjum heilsueflingu áfram í öllum byggðarkjörnum.

Uppbygging innviða: Fjárfestingar endurspegla forgangsröðun grunn innviða og tekjuskapandi verkefna. Á árinu verður kláruð viðbygging við leikskóla til að mæta fjölgun barna og framkvæmdir hefjast við þriðja áfanga Stekkjaskóla. Orkuöflun og endurnýjun veitumannvirkja heldur áfram ásamt því að hreinsistöð við Selfoss verður tekin í notkun.

Stafræn þróun: Áfram verður unnið að innleiðingu stafrænna lausna með það að markmiði að bæta þjónustu og hagræða í rekstri.

Forsendur fjárhagsáætlunar



Hagvöxtur

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,9% fyrir árið 2027, 2,6% fyrir árið 2028, 2,3% fyrir árið 2029 og 2,3% fyrir árið 2030.



Íbúaþróun

Íbúar Árborgar voru 12.946 þann 1. janúar 2026 og gerir húsnæðisáætlun ráð fyrir að íbúafjöldi verði um 13.350 þann 1. janúar 2027. Húsnæðisáætlun gerir svo ráð fyrir um 3-4% fólksfjölgun á ári út áætlunartímabilið.



Kjarasamningar

Kjarasamningar lang flestra starfsmanna Árborgar voru samþykktir á árinu 2025 og gerir áætlun ráð fyrir um 3,5% hækkun á launum á árinu 2027.



Verðbólga


Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir að verðbólga verði 3,6% fyrir árið 2027, 2,6% fyrir árið 2028 og 2,5% fyrir árin 2029 – 2030.



Fjöldi fasteigna

Áætlanir gera ráð fyrir að fjölgun íbúða verði um 150-200 milli ára auk atvinnulóða sem eru í úthlutun.

Íbúaþróun


16.000
14.000
12.000
10.000
8.000
6.000
4.000
2.000
0
7.960
8.108
8.368
8.892
9.364
9.902
10.286
10.664
11.239
11.819
12.385
12.946
13.350
13.750
14.300
14.870
2015
2016
2017
2018
2019
2020
2021
2022
2023
2024
2025
2026
2027
2028
2029
2030
Íbúafjöldi
Áætlun

Rekstrarreikningur A- og B-hluta	Raun 2025	Útkomuspá 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029	Áætlun 2030
Útsvar og fasteignaskattur	12.786.489	13.230.021	14.151.936	14.953.796	15.740.801	16.564.473
Framlög Jöfnunarsjóðs	4.769.633	4.718.013	5.062.357	5.193.979	5.323.828	5.456.924
Aðrar tekjur	5.261.804	4.782.489	4.422.752	4.558370	4.692.162	4.829.298
Alls rekstrartekjur	**22.817.926**	**22.730.522**	**23.637.045**	**24.706.144**	**25.756.791**	**26.850.696**
Laun og launatengd gjöld	11.381.261	12.554.383	13.474.800	14.025.926	14.608.288	15.211.140
Lífeyrisskuldbinding, breyting	566.227	315.047	422.761	396.622	384.815	377.030
Annar rekstrarkostnaður	6.893.880	7.063.946	6.844.732	7.047.481	7.247.501	7.452.521
Alls rekstrargjöld	**18.841.367**	**19.933.375**	**20.742.292**	**21.470.029**	**22.240.604**	**23.040.690**
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	3.976.559	2.797.147	2.894.753	3.236.115	3.516.187	3.810.005
Afskriftir	-1.024.581	-1.116.139	-1.190.568	-1.265.593	-1.342.136	-1.418.338
Fjármunatekjur og gjöld	-1.469.243	-1.960.865	-1.618.409	-1.398.581	-1.444.120	-1.503.807
Rekstrarniðurstaða	**1.496.701**	**-279.857**	**85.777**	**571.941**	**729.932**	**887.860**

Allar fjárhæðir í þúsundum króna

Efnahagsreikningur A- og B-hluta

	Raun 2025	Útkomuspá 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029	Áætlun 2030
Eignir samtals	40.558.999	40.964.637	41.314.218	42.613.011	43.854.574	45.109.624
Eigið fé	8.354.133	8.074.275	88.160.052	8.731.993	9.461.925	10.349.785
Langtímaskuldir	22.346.364	21.120.699	22.297.260	22.554.062	22.900.395	23.003.247
Skammtímaskuldir	5.817.834	7.582.738	6.456.640	6.737.562	6.725.464	6.820.332
Skuldbindingar	4.040.667	4.186.926	4.400.267	4.589.393	4.766.790	4.936.260

Sjóðstreymisyfirlit A- og B-hluta

Veltufé frá rekstri	3.645.835	2.316.836	2.470.055	2.766.265	2.976.322	3.208.662
Tekin ný langtímalán	1.450.000	1.898.634	3.630.928	3.190.000	3.260.000	3.100.000
Afborganir langtímalána	2.635.372	2.948.019	4.250.723	3.359.687	3.620.287	3.603.158
Fjárfestingar í varanl. rekstrarfjárm.	2.256.870	3.528.808	3.555.108	3.507.108	3.491.108	3.436.108

Allar fjárhæðir í þúsundum króna

Tekjur Árborgar eru áætlaðar um 23,6 ma.kr. fyrir árið 2027

Skipting áætlaðra tekna í ma. kr.



Útsvar

- Útsvarsprósenta fyrir árið 2027 er áætluð 14,97%.
- Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki á árinu 2027 vegna íbúafjölgunar og launahækkana.

Jöfnunarsjóður

- Framlög frá Jöfnunarsjóði eru áætluð 5,1 ma.kr. fyrir árið 2027.

Gatnagerðargjöld, byggingarréttur og sala eigna

- Tekjur af gatnagerðargjöldum eru áætlaðar 700 m.kr. fyrir árið 2027.
- Tekjur af byggingarrétti eru áætlaðar 160 m.kr. fyrir árið 2027.
- Sala eigna er áætluð 300 m.kr. fyrir árið 2027.


Gjaldskrár

- Gjaldskrár hækka ekki umfram 2,5% á milli ára.

Fasteignagjöld

- Fasteignaskattur á íbúðahúsnæði (A) lækkar úr 0,44% í 0,437%.
- Vatnsgjald á íbúðahúsnæði (A) helst óbreytt í 0,0806%.
- Fráveitugjald á íbúðahúsnæði (A) helst óbreytt í 0,0806%.
- Fasteignaskattur á opinberar byggingar (B) helst óbreyttur.
- Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði (C) lækkar úr 1,63% í 1,55%.
- Vatnsgjald á atvinnuhúsnæði (B og C) lækkar úr 0,162% í 0,15%.
- Fráveitugjald á atvinnuhúsnæði (B og C) lækkar úr 0,17% í 0,158%.
- Lóðarleiga helst óbreytt 1%.

Gjöld Árborgar eru áætluð um 20,7 ma.kr. fyrir árið 2027



Allar fjárhæðir í þúsundum króna

*Hækkun lífeyrisskuldbindingar er hluti af launakostnaði

Fasteignagjöld lækka milli ára umfram verðlag

Fasteignagjöld **lækka** milli ára umfram breytingar á fasteignamati.

Fasteignamat hækkar að meðaltali um 0,7% en hækkun verður mest á **atvinnuhúsnæði** sem og **íbúðarhúsnæði á Eyrarbakka og Stokkseyri**, milli ára.

Lækkun álagningar fasteignagjalda skilar um 100 m.kr. í aukna ráðstöfun til íbúa og fyrirtækja

Fasteignaskattur lækkar úr 0,44% í 0,437% af fasteignamati íbúðar.

Gjöld vegna **meðhöndlunar úrgangs** stendur í stað eða hækkar innan 2,5% í flestum flokkum milli ára.

Vatns- og fráveitugjald helst óbreytt í 0,0806% fyrir eignir í A-flokki (íbúðarhúsnæði).

Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði lækkar úr 1,63% í 1,55% af fasteignamati. Vatnsgjald lækkar úr 0,162% í 0,15% og fráveitugjald lækkar úr 0,17% í 0,158%.


Fasteignagjöld — sýnidæmi

Áætluð dæmi á mismunandi eignum í sveitarfélaginu á árinu 2027
Mismunur milli eigna skýrist af fasteignamati og mismunandi hækkunum milli byggðarkjarna/hverfa í sveitarfélaginu.
Greiðslur á fasteignagjöldum dreifast áfram á 11 mánuði.

Einbýlishús á Selfossi (236 m²)		**Parhús á Selfossi** (145 m²)		**Parhús á Eyrarbakka** (163 m²)		**Parhús á Stokkseyri** (163 m²)		**Íbúð á Selfossi** (74 m²)	
2026	1.008.535 kr.	**2026**	706.936 kr.	**2026**	588.269 kr.	**2026**	604.685 kr.	**2026**	402.788 kr.
2027	985.255 kr.	**2027**	694.083 kr.	**2027**	591.992 kr.	**2027**	609.266 kr.	**2027**	412.796 kr.
Lækkun:	**-23.280 kr.**	Lækkun:	**-12.854 kr.**	Hækkun:	**3.724 kr.**	Hækkun:	**4.581 kr.**	Hækkun:	**10.008 kr.**

Rekstrarniðurstaða


- Á árinu 2027 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A- og B-hluta verði **85,8 m.kr**.
- Fjármagnsgjöld nema **1,62 ma.kr**.



Allar fjárhæðir í þúsundum króna


Rekstrarjöfnuður

Rekstrarjöfnuður/jafnvægisregla A-hluta 2023-2030



- Gæta þarf **áframhaldandi aðhalds** í rekstri A-hluta til að halda rekstrarjöfnuði **jákvæðum** við lok áætlunartímabils.
- Bæjarstjórn mun áfram sýna **ábyrgð og festu** í rekstrinum.

Rekstrarjöfnuður/jafnvægisregla A- og B-hluta 2023-2030




- Rekstrarjöfnuður í A- og B-hluta er **jákvæður** út áætlunartímabilið.
- Rekstur í A- og B-hluta nær jafnvægi á næstu árum með skýrum **fjárhagslegum markmiðum**.


Veltufé frá rekstri og framlegðarhlutfall

- Veltufé frá rekstri um **2,5 milljarðar** árið 2027.
- Veltufé **vex** út áætlunartímabilið.
- Framlegð í **takti** við skuldastöðu.

Framlegðarhlutfall og veltufé frá rekstri
A- og B-hluti 2021-2025 auk áætlunar til 2030




Afborganir, ný lántaka og fjárfestingar



Allar fjárhæðir í þúsundum króna

Heildarskuldir og skuldaviðmið




Allar fjárhæðir í þúsundum króna

Fjárfestum í innviðum samfélagsins



- **Íþróttahús** við Stekkjaskóla
- Viðbygging við leikskólann **Jötunheima**
- **Útisvæði við Vallaskóla**
- Endurbætur á **lóð og húsnæði BES**
- Endurnýjun á **tröppum við Ráðhús**
- **Endurnýjun sparkvalla**
- **Göngu- og hjólastígar**
- **Dælustöð** vatnsveitu og styrking dreifikerfis
- **Orkuöflun** Selfossveitna
- **Hreinsistöðin** í Geitanesi tekur til starfa
- **Viðhald** eigna og stofnana
- **Vegir, stígar, undirgöng og lagnir** við nýja Ölfusárbrú
- Uppbygging **tjaldsvæðis**
- Nýtt **skátaheimili**
- **Gatnagerð** á Stokkseyri

Helstu lykiltölur úr fjárfestingaáætlun 2027



3.595 m.kr.
Áætluð heildarfjárfesting árið 2027

795 m.kr.
Áætlaðar tekjur í formi stofn- og gatnagerðargjalda

1.281 m.kr.
Fjárfestingar hjá eignasjóði
Viðhald og endurnýjun gatna, göngustíga og mannvirkja, lýsing, nýjar götur og öryggismál.

1.147,5 m.kr.
Fjárfestingar hjá Fasteignafélagi Árborgar
Hönnun og framkvæmdir við leik- og grunnskóla, kennslusundlaug, íþróttahús og hreinsistöð.

277,5 m.kr.
Fjárfestingar í vatnsveitu
Vatnsöflun, dælustöð og dreifikerfi.

764 m.kr.
Fjárfestingar hjá Selfossveitum
Orkuöflun, dælustöð og dreifikerfi.

Leggjum áherslu á lækkun álaga og gjaldskráa fyrir alla aldurshópa

Gjaldskrár hækka ***ekki umfram 2,5%***

Fasteignagjöld ***lækka*** ***umfram*** *verðlag*

Stöndum vörð um ***grunnþjónustu*** *við íbúa*

Gjaldskrár sveitarfélagsins haldast annað hvort óbreyttar eða hækka ekki umfram **2,5% milli ára** til samræmis við ákvörðun bæjarráðs og ályktunar frá landsþingi *Sambands íslenskra sveitarfélaga*.

Skilar aðgerð þessi um 50 m.kr. í aukna ráðstöfun til íbúa og fyrirtækja


Aukin framlög í starfsemi félagsmiðstöðvarinnar **Zelsíuz.**

Stöðugildi tengiráðgjafa tryggt í samræmi við verkefnið **„Gott að eldast"** fyrir eldri borgara.

Heimgreiðslur fyrir foreldra barna sem ekki hafa fengið leikskólapláss eða önnur dagvistunarúrræði haldast óbreyttar milli ára.

Yfirlit málaflokka

Hlutfall stærstu málaflokka af ***áætluðum skatttekjum*** *2027*



- Fræðslu- og uppeldismál - 11,1 ma.kr.
- Félagsþjónusta - 3,2 ma.kr.
- Æskulýðs- og íþróttamál - 1,4 ma.kr.
- Umferðar- og samgöngumál - 0,6 ma.kr
- Skipulags- og byggingarmál - 0,4 ma.kr
- Menningarmál - 0,4 ma.kr

Fjölskyldusvið

Fjölskyldusvið samanstendur af fjórum grunnskólum og sex leikskólum sem þjónusta tæplega 2400 börn.
Á sviðinu er einnig starfrækt frístundaþjónusta, skólaþjónusta og velferðarþjónusta.



Leikskólar

Fjöldi barna í vistun

	1. okt. 2023	1. okt. 2024	1. okt. 2025	1. okt. 2026
Árbær - *Hjallastefna*	109	111	98	101
Álfheimar	97	102	103	96
Goðheimar	113	116	117	114
Hulduheimar	112	111	115	113
Jötunheimar	148	148	182	201
Strandheimar	59	57	65	62
Samtals:	**638**	**645**	**680**	**687**
Þar af nemendur með fjöl-menningarlegan bakgrunn:	125	133	143	150

Heildarkostnaður við rekstur leikskóla í Árborg árið 2027 er áætlaður **3.100 m.kr.**

- Sveitarfélagið Árborg **starfrækir 6 leikskóla** á 8 starfsstöðvum; Álfheimar, Goðheimar, Hulduheimar, Jötunheimar og Strandheimar. Leikskólinn Árbær er sjálfstætt starfandi leikskóli rekinn af Hjallastefnunni.
- Kostnaður við hvert barn í leikskólum Árborgar er að **meðaltali um 376.000 kr. á mánuði.** Kostnaður lækkar eftir því sem barn eldist.
- **Hlutdeild foreldra** í rekstri leikskóla er u.þ.b. **10%.**
- Leikskólagjöld miðað við 8 klst. mánudag til fimmtudag og 6 klst. á föstudögum eru áætluð **45.497 kr.**
- Unnið er að stækkun leikskólans Jötunheima og er stefnt á opnun haustið 2027. Jötunheimar verður 12 deilda leikskóli en í dag er hann 11 deilda leikskóli rekinn á tveimur stöðum.
- Unnið er að **framtíðarlausn** vegna hluta af eldra húsnæði við leikskólann Árbæ.
- Fjöldi barna í **leikskólum** Árborgar er **687** og eru **27** börn hjá **dagforeldrum** og **29** fengu **heimgreiðslur** 1. nóvember.

Grunnskólar

Nemendafjöldi

	1. okt. 2022	1. okt. 2023	1. okt. 2024	1. okt. 2025	1. okt. 2026
BES	124	138	148	137	131
Sunnulækjarskóli	648	677	652	623	610
Stekkjaskóli	171	231	294	361	458
Vallaskóli	573	574	524	505	484
Samtals:	**1516**	**1620**	**1618**	**1626**	**1683**
Þar af nemendur með fjöl-menningarlegan bakgrunn:	203	240	264	285	302


- Sveitarfélagið Árborg rekur **4 grunnskóla** á 5 starfsstöðvum; Barnaskólinn á Eyrarbakka- og Stokkseyri (BES), Stekkjaskóli, Sunnulækjarskóli og Vallaskóli.
- Kostnaður við hvert barn í grunnskólum Árborgar er áætlaður um **333.000 kr**. **á mánuði.**
- Nemendur í skólum utan sveitarfélags: **21.**
- Nemendur úr öðrum sveitarfélögum í skólum Árborgar: **18.**
- Af 610 nemendum í Sunnulækjarskóla stunda 33 nemendur nám í **sérdeild Sunnulækjarskóla** (Setrið).
- Ekki er gert ráð fyrir mikilli fjölgun nemenda í grunnskólum Árborgar næsta vetur en áætlaður fjöldi nemenda **sem innritast í 1. bekk er 182** og **nemendur sem útskrifast úr 10. bekk 207**.

Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla í Árborg árið 2027 er áætlaður **6.727 m.kr.**


Frístundaheimili Árborgar

12,3% áætlað hlutfall kostnaðarþátttöku foreldra í frístundaþjónustu af heildarkostnaði 2027

Fjöldi barna á frístundaheimilum 2026



Skipting niður á frístundaheimili



Fjöldi barna með auknar stuðningsþarfir: **45**

Hlutfall barna með auknar stuðningsþarfir: **11%**

Heildarkostnaður við rekstur frístundar í Árborg árið 2027 er áætlaður **441,4 m.kr.**

Kostnaður við hvert barn á frístundaheimili er áætlaður um **88.000 kr.** á mánuði.

Félagsmiðstöð og vinnuskóli

Félagsmiðstöðin Zelsíuz er næst stærsta félagsmiðstöð landsins

.. að minnsta kosti **72%** unglinga í Árborg taka þátt í starfi Zelsíuz

Lykiltölur félagsmiðstöðvar 2026

Fjöldi barna á **unglingastigi** í grunnskólum Árborgar	**549**
Fjöldi barna á **miðstigi** í grunnskólum Árborgar	**479**
Meðalfjöldi unglinga í hverri **miðlægri opnun** í Zelsíuz - haust 2026:	**108**
Meðalfjöldi unglinga í hverri opnun í **Stekkjaskóla*** - haust 2026:	**46**
Hlutfall unglinga sem **hafa tekið þátt** í opnunum í Zelsíuz** - haust 2026:	**72%**
Hlutfall unglinga í Stekkjaskóla sem **hafa tekið þátt** í opnunum þar - haust 2026:	**88%**

**Útibú opnað í Stekkjaskóla haust 2026*

***Sérhæft starf ekki inn í þessum tölum*

Heildarkostnaður við rekstur félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz í Árborg árið 2027 er áætlaður **90,37 m.kr.**

Vinnuskóli Árborgar sumarið 2026 (samanb. við 2025)

	2025	2026
Heildarfjöldi unglinga og ungmenna í vinnuskólanum	**357**	**430**
14 ára (8. bekkur)	**140**	**149**
15 ára (9. bekkur)	**96**	**138**
16 ára (10. bekkur)	**80**	**76**
17+	**41**	**67**

Raunkostnaður vinnuskóla 2026 nam: **125,8 m.kr.**

Heildarkostnaður við rekstur vinnuskóla í Árborg árið 2027 er áætlaður **127 m.kr.**

Sundlaugar Árborgar

Tekjur og rekstrarkostnaður 2025-2027

Sundhöll Selfoss	Rauntölur 2025	Útkomuspá 2026	Áætlun 2027
Heildartekjur	106.382.534 kr.	115.173.264 kr.	109.265.000 kr.
Heildarrekstrarkostnaður	438.487.926 kr.	463.143.116 kr.	470.496.025 kr.

Sundlaug Stokkseyrar	Rauntölur 2025	Útkomuspá 2026	Áætlun 2027
Heildartekjur	3.086.473 kr.	4.060.000 kr.	4.040.000 kr.
Heildarrekstrarkostnaður	56.314.887 kr.	69.240.077 kr.	70.443.687 kr.

Fjöldi heimsókna - fyrir utan börn í skólasundi

	2023	2024	2025	Útkomuspá 2026
Sundhöll Selfoss	266.449	250.430	330.253	307.010
Sundlaug Stokkseyrar	9.223	4.210	7.682	9.001

Áætlað hlutfall tekna af rekstrarkostnaði 2027:

Sundhöll Selfoss: 23,2%

Sundlaug Stokkseyrar: 5,7%

Styrkir til íþrótta- og æskulýðsfélaga

- Sveitarfélagið Árborg er **heilsueflandi samfélag** sem býður upp á fjölbreytta aðstöðu til íþrótta- og tómstunda-iðkunar í sveitarfélaginu.
- Í Árborg eru **starfrækt 14 íþrótta- og æskulýðsfélög** sem bjóða upp á fjölbreytta starfsemi.

Styrkir til íþrótta- og æskulýðsfélaga áætlaðir 2027

Um er að ræða styrki til daglegs starfs — ekki tengt viðburðum

Beinir fjárhagslegir styrkir	**212.738.127 kr.**
— þar af frístundastyrkur	94.656.000 kr.
— þar af styrkir beint til íþrótta- og æskulýðsfélaga	118.082.127 kr.
Reiknaðir styrkir vegna aðstöðu íþrótta- og æskulýðsfélaga	**703.687.795 kr.**
Heildarframlög fjölskyldusviðs til íþrótta- og æskulýðsfélaga (innifelur ekki viðburði, menningarstarf og stuðning B-hluta)	916.425.922 kr.

Frístundastyrkir 2027

25 þús. fyrir **4 og 5 ára**

55 þús. fyrir **6-17 ára**

Áætlað hlutfall barna á aldrinum 4-17 ára, sem nýta sér frístundastyrk, árið 2026 er:

75%

Farsæld barna

*Heildarfjöldi mála í samþættri þjónustu eru **278***


Í lok ágúst 2026 voru

30
mál í samþættingu hjá barnavernd á 3. stigi

132
mál í samþættingu hjá barnateymi á 2. stigi

116
mál í samþættingu í leik- og grunnskólum Árborgar á 1. stigi

Í leik- og grunnskólum Árborgar eru 28 starfsmenn sem sinna samhliða öðrum störfum, hlutverki tengiliðar í farsæld barna. Auk þess eru 11 starfsmenn á velferðarsviði sem sinna hlutverki málstjóra samhliða öðrum verkefnum.




Verkefnið **8-viti æskunnar** miðar að því að efla farsæld barna í Árborg með sameiginlegu, sjónrænu tungumáli – „áttavitanum“ – sem styður seiglu, tilfinningaþroska og snemmtæka íhlutun.

Eldri borgarar

- Rúmlega **15% íbúa í Árborg eru 67 ára og eldri**. Það telst frekar hátt hlutfall á landsvísu.
- **„Gott að eldast“** samvinnu- og þróunarverkefnið hefur aukið samvinnu á milli Sveitarfélagsins Árborgar og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) sem leiðir af sér betri og samfelldari þjónustu.
- Markmiðið er að efla og styðja við þá sem þurfa aðstoð svo þeir **geti lifað sjálfstæðu lífi** á eigin heimili við góðar aðstæður.
- Árborg býður upp á **endurgjaldslausa heilsueflingu** á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri fyrir eldri borgara.

Tölfræði upplýsingar: *Tölurnar eru sjö daga tímabil heimaþjónustu Árborgar, tekið út í sömu viku á hverju ári á tímabilinu október 2020 til október 2026.*



204 heimili fá **þjónustu** að meðaltali hverju sinni.

7 einstaklingar eru í senn í **endurhæfingarteymi** (endurhæfing í heimahúsi). Biðtími eftir endurhæfingu er um 3-6 mánuðir og eru einstaklingar að meðaltali um 3-6 mánuði í **endurhæfingu**.

Samræmd móttaka flóttafólks (SMF)



Fjölskyldusvið hefur verið þátttakandi í **samræmdri móttöku flóttafólks** frá 2021. Samningurinn snýst um að Sveitarfélagið veiti **allt að 80** einstaklingum þjónustu árið 2026 og stefnt er að því að **allt að 60** einstaklingar fái þjónustu 2027. **Ríkið endurgreiðir útlagðan kostnað** samkvæmt samningnum **fyrstu tvö árin** eftir komu flóttafólks.


80	**Hámarksfjöldi** notenda hverju sinni skv. núverandi samningi.
240	Fjöldi notenda samtals frá **apríl 2021**.
12	**Þjóðerni**; Afganistan, El Salvador, Írak, Íran, Kongó, Sómalía, Nígería, Palestína, Súdan, Sýrland, Úkraína og Venesúela.

Fjárhagsaðstoð

- Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skulu sveitarfélög **tryggja fjárhagslegt öryggi** íbúa á grundvelli samhjálpar.
- Fjárhagsaðstoð er veitt á **grundvelli reglna** um fjárhagsaðstoð Sveitarfélagsins Árborgar.
- Árið 2026 er grunnupphæð fjárhagsaðstoðar 227.512 kr. Flestir sem eru á fjárhagsaðstoð eru að fá **80% af grunnfjárhæð** eða 182.010 kr. á mánuði fyrir skatt.
- Fyrstu 6 mánuði ársins 2026 höfðu **121 einstaklingur** fengið greidda fjárhagsaðstoð einu sinni eða oftar.
- Hlutfall íbúa á fjárhagsaðstoð hefur **hækkað síðustu þrjú ár.** Þetta helst í takt við **aukið atvinnuleysi** á Suðurlandi og í Árborg á þessu tímabili.
- Áætluð hækkun á milli 2025 og 2026 er um **6,4 m.kr**. eða um 9% hækkun á milli ára.

*- Árið 2027 verður ráðist í **átaksverkefni** með það að **markmiði** að **draga úr** fjölda þeirra sem eru á **fjárhagsaðstoð** hjá sveitarfélaginu*

Greidd fjárhagsaðstoð í kr.



Mannvirkja- og umhverfissvið


Mannvirkja- og umhverfissvið samanstendur af eignadeild, skipulags- og byggingardeild, framkvæmda- og tæknideild, þjónustumiðstöð og Selfossveitum.

Hlutverk sviðsins er að viðhalda og þróa innviði sveitarfélagsins til að styðja við og auka velferð íbúa og atvinnulífs, sem og þeirra sem sækja okkur heim.



Gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs

- Íbúar í Sveitarfélaginu Árborg hafa verið öflugir að flokka úrgang á undanförnum árum. Sú þróun hefur leitt til þess að **gjöld vegna endurvinnsluefnis** hafa staðið í stað á milli ára.
- Gjaldskrá úrgangsþjónustu á gámasvæði Árborgar byggir á þeirri meginreglu að **sá sem myndar úrgang greiði kostnað af meðhöndlun hans**, í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs.



Að hluta til uppgjör vegna ársins 2023

Árið 2025 var magn endurvinnsluefnis frá heimilum samtals **471.600 kg**, sem er aukning frá 2024.

Eftirfarandi er skipting **endurvinnsluefnisins** 2025:

Plast:	**142.440 kg**	Pappi:	**329.160 kg**

Þróun gjalds vegna meðhöndlunar úrgangs*	**2021**	**2022**	**2023**	**2024**	**2025**	**2026**	**2027**
Grunnkerfið	65.000	65.000	70.990	73.128	77.871	76.916	80.106
Sparkerfið			60.960	65.635	66.641	65.210	66.852
Tvískipt kerfi			65.997	68.910	65.184	62.129	63.098

Kr. per heimili, á ári

Umferðar- og samgöngumál



- Unnið verður áfram með **Led-væðingu á götulýsingu** sveitarfélagsins og stefnt að því að klára það verkefni 2028.
- Aukið fjármagn hefur verið sett í **umferðaröryggi** í sveitarfélaginu með áherslu á **gönguleiðir skólabarna** og eru verkefnin m.a.:
  - **Lýsing** á gönguþverunum.
  - **Hraðatakmarkandi** aðgerðir.
  - **Bætt aðstaða** á stoppistöðvum **Árborgarstrætó.**
- Útboð á vetrarþjónustu fór fram 2025 og verður unnið eftir samningum þess útboðs næstu árin.
- Í útboðinu er gerð **ríkari krafa á útbúnað** tækja og **ferilvöktun**
  þar sem markmiðið er að **bæta þjónustustig**.
- Um það bil **100 km eru í vetrarþjónustu gatna** í mismunandi forgangsflokkum og fer tíðni eftir tíðarfari og forgangsflokki.

Selfossveitur

*- **Orkuöflun** er ein mikilvægasta framkvæmdin á vegum Selfossveitna og stefnt er á að **bora nokkrar tilraunaholur** ásamt vinnsluholu á árinu.*




Selfossveitur

Helstu áherslur 2027

- Mikilvægt er að tryggja **afhendingaröryggi** á heitu vatni svo byggð geti áfram þróast í sveitarfélaginu.
- Í nýrri **Ölfusárbrú** er gert ráð fyrir stórum lögnum fyrir hita- og vatnsveitu.
- **Stækkun dreifikerfa** í nýjum hverfum heldur áfram.
- Selfossveitur vinna að **stækkun hitaveitulagnar** frá dælustöðinni við Víkurheiði að dælustöðinni við Stokkseyri og Eyrarbakka vegna undirbúnings á nýju öryggisfangelsi.

Heildarfjárfestingar Selfossveitna í m.kr.




Selfossveitur


- Afkastageta Selfossveitna er um **300 l/s** eða um **47.9 MW**, með möguleika á auknum afköstum tímabundið í hörðum frostaköflum.
- Selfossveitur nýta vatn úr **13 vinnsluholum** - allar misjafnar að stærð og hitastigi.
- Selfossveitur eru með **tvo miðlunargeyma** í rekstri og **fjórar dælustöðvar**.

Fjöldi notenda hjá Selfossveitum er **4.492** og fer fjölgandi

Sala á heitu vatni í m.kr



Rekstrarniðurstaða Selfossveitna í m.kr.



Stjórnsýslu- og fjármálasvið



Stjórnsýslu- og fjármálasvið er stoðsvið sem vinnur þvert á önnur svið og stofnanir sveitarfélagsins.
Á stjórnsýslu- og fjármálasviði er fjármáladeild, mannauðs- og launadeild og menningar- og upplýsingadeild, auk almennrar stjórnsýslu, þar á meðal lögfræðiþjónustu og upplýsingatækni.

Helstu áherslur ársins 2027

Meginákersla sviðsins er að veita faglega stoðþjónustu, bæta fjárhagslega yfirsýn, auðvelda aðgengi að upplýsingum og einfalda ferla með því að, meðal annars:

- Taka **nýja heimasíðu** í gagnið.
- Klára innleiðingu á **málaskrár- og fundarkerfi** í WorkPoint**,** með áherslu á rétta meðferð gagna.
- Auka **sjálfvirknivæðingu** í fjárhagskerfinu með vinnuþjörkum og gervigreind.
- Efla markvisst þekkingu og notkun **öruggra gervigreindarlausna** til einföldunar verkefna og ferla.
- Auka sjálfvirknivæðingu við móttöku **nýrra stafsmanna** og við **starfslok**.
- Innleiða **samskiptakerfi** fyrir alla starfsmenn sveitarfélagsins.
- Leggja áherslu á **lækkun veikindalauna** með fyrirbyggjandi aðgerðum.
- Hefja vinnu við **gæðahandbók** með skýrum verkferlum.
- Efla lögfræðiþjónustu með skýrum verkferlum m.a. í tengslum við **barnavernd, persónuvernd og skipulagsmál**.

Mannauðsmál

Frá apríl 2024 hefur starfsánægja starfsfólks Árborgar verið mæld með fjórum púlskönnunum á ári.

Starfsánægja hefur aukist frá því að mælingar hófust og hefur verið nokkuð stöðug síðan í febrúar 2025.


Mannauðsdeild styðst við eftirfarandi stefnur sem sveitarfélagið hefur gefið út:

- Mannauðsstefnu
- Stefnu um velferð á vinnustað
- Jafnréttisstefnu
- EKKO stefnu

Fræðslukerfi var innleitt fyrir allt starfsfólk í október 2026 og á fyrsta mánuðinum var starfsfólk búið að ljúka alls 688 námskeiðum. Fræðslukerfið býður starfsmönnum uppá yfir 200 fjölbreytt námskeið.

Fjöldi stöðugilda 1. janúar ár hvert	Stöðugildi	Launamenn
Janúar 2020	**657,2**	**906**
Janúar 2021	**742,0**	**1004**
Janúar 2022	**825,6**	**1107**
Janúar 2023	**830,5**	**1154**
Janúar 2024	**796,2**	**1098**
Janúar 2025	**788,6**	**1136**
Janúar 2026	**850,2**	**1164**

Moodup púlskannanir



Svarhlutfall púlskönnunar í október 2026 var **70%**

Leiðarljós mannauðs-stefnunnar eru:

Við erum framsækin
Við stuðlum að framsækni og stöðugri þróun.

Við erum fjölbreytt
Við erum með heilbrigða vinnustaðamenningu og hámörkum árangur okkar með því að stuðla að fjölbreytileika í allri okkar starfsemi.

Við erum umhyggjusöm
Í sameiningu sköpum við jákvætt starfsumhverfi með lausnamiðaða hugsun að leiðarljósi.


Við erum samheldin
Við stefnum í sömu átt, höfum skýra sýn og sameiginleg markmið.

Menningarmál

- Starfsfólk menningar- og upplýsingadeildar kemur að skipulagningu og framkvæmd fjölmargra viðburða auk viðburðaraða eins og **Komdu að tala íslensku, Sumarlestri** og **SumarÍss** sem er sumarnámskeið fyrir börn sem hafa íslensku sem annað mál.
- **Vor í Árborg með barnamenningardögum, Menningarmánuðurinn október** og **Jól í Árborg** eru stærstu menningarhátíðirnar í sveitarfélaginu sem skipulagðar eru af starfsfólki deildarinnar en auk þeirra er stutt við viðburði og hátíðir sem skipulagðir eru af öðrum.
- Unnið er eftir nýrri menningarstefnu sem samþykkt var sl. vor þar sem m.a. er lögð aukin **áhersla á barna- og fjölmenningu** og mikilvægi aðgengis fyrir öll að menningu og listum í sveitarfélaginu.

Útlán Bókasafns Árborgar sl. ár

(útkomuspá fyrir 2026)



70 Viðburðir haldnir af menningar- og upplýsingadeild

175 Fjöldi viðburða sem stutt er við með einum eða öðrum hætti af deildinni, s.s. kynning, flöggun og ráðgjöf.

Stafræn þróun og upplýsingatækni

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á **stafrænar lausnir** til að **auka skilvirkni, einfalda verkefni og bæta þjónustu** gagnvart íbúum sveitarfélagsins, meðal annars með því að:

- Fjölga notkun **rafrænna undirritana**, m.a. við ráðningu starfsfólks.
- Innleiða **stafrænt pósthólf** á island.is.
- Taka upp **stafrænar flutningstilkynningar** vegna heits vatns til Selfossveitna.
- Taka upp **ábendingagátt og gæludýrakerfi.**
- **Efla netöryggi** og bæta öryggi upplýsinga sveitarfélagsins
- Auka sjálfvirknivæðingu við móttöku **nýrra stafsmanna**.
- Auka **sjálfvirkni** kerfa.

Á árinu 2027 verður ekki breyting á helstu áherslum stafrænnar þróunar og upplýsingatækni. Sérstök áhersla ársins verður á bætta upplýsingagjöf, sjálfvirknivæðingu ferla og gagnaöryggi.

Meðal markmiða ársins 2027 eru:

- Að **ný heimasíða** verði tekin í gagnið.
- Að flestar **umsóknir** verði á komnar á **stafrænt form**.
- Innleiðing **nýs málaskrárkerfis** í allar stofnanir verði klárað.
- Tekið verið upp **nýtt fundakerfi**.
- Að nýting öruggra **gervigreindarlausna** verði innleitt til að auðvelda gagnavinnu, auka sjálfvirkni og bæta þjónustu.
- Íbúar geti bókað **fundi/símatíma** hjá völdu starfsfólki á netinu.
- Að **auka nýtingu gagna** til að auka yfirsýn og bæta ákvarðanatöku.

Útgefandi:

Sveitarfélagið Árborg

Austurvegi 2

800 Selfoss

Umgjörð, hönnun og myndir:

Dóra Haraldsdóttir

Unnið af starfsmönnum fjármáladeildar í samstarfi við sviðsstjóra og bæjarstjóra